

Aðalfundur Flugmóðelfélags Suðurnesja
Haldin í Gallery Björg þann 28.maí 2006 kl.21

Dagskrá

1. Reikningar lagðir fram fyrir síðasta starfsár
2. Skýrsla formanns
3. Kosning stjórnar
4. Mót sumarsins
5. Lagabreytingar
6. Félagsgjald
7. Flugsafn Flugstöð Leifs Eiríkssonar
8. Flugvallarmál - samningur RNB og FMS
9. Önnur mál

Mættir:

Gunnar, Sverrir, Palli, Magnús, Atli. Pétur, Albert

1. Reikningar lagðir fram fyrir síðasta starfsár
Sverrir gjaldkeri lagði fram og kynnti reikninga fyrir síðasta starfsár.
Þeir voru samþykktir athugasemdalaust.

2. Skýrsla formanns
Magnús Kristinsson las skýrslu formanns

3. Kosning stjórnar
Komið var að kosningu formanns og gjaldkera og buðu Magnús Kristinsson formaður og Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri sig fram til áframhaldandi setu.
Þeir fengu eina bestu rússneska kosningu í sögu félagsins ;-)

4. Mót sumarsins
Sverrir mótastjóri kynnti breytingar á mótaskrá sem urðu vegna þess að félagið missti vallarsvæðið sitt en ákveðið var að fresta lendingarkeppni og pylonrace um óákveðin tíma. Flotflugmót verður þó haldið síðar í sumar.

5. Lagabreytingar
Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Félagsgjald
Kom fram sú tillaga frá stjórn að hækka félagsgjaldið í 5000 krónur, bæði til að mæta hækkandi útgjöldum vegna vallarmála og einnig vegna hækkandi tryggingakostnaðs. Gunnar M. M. lagði til 7000 krónur en eftir nokkrar umræður var samþykkt að hækka gjaldið einungis upp í 5000 krónur að svo komnu máli og hækkar félagsgjaldið því væntanlega á næsta starfsári.

7. Flugsafn Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Ekkert varð úr þessum lið þar sem Þorleifur mætti ekki en Magnús formaður fór yfir forsögu málsins og þær hugmyndir sem hafa verið viðraðar.

8. Flugvallarmál - samningur RNB og FMS

Magnús formaður fór yfir drög að samningi við RNB vegna nýs flugvallar við Seltjörn og uppbyggingu á því svæði. Ekki komu fram athugasemdir við samningsdrög.

9. Önnur mál

Rætt var um stöðu flugvallarmála, uppbyggingu nýs svæðis, byrjendamál o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.22:31